árlega eptirrit af reikningum hans; svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kynni að verða á samþykkt sjóðsins, og frá því, ef skipti verða á stofnendum hans samkvæmt 3. og 4 gr. samþykktarinnar. 109 31. ágúst.

Þetta gefst yður til vitundar til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um hvort útflutningsgjald beri að heimta af fiski hafna á milli hjer á landi.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 30. apríl þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi, þar sem P. V. Davidsen, verzlunarstjóri á Vopnafirði, spyrzt fyrir um, hvort sjer beri að greiða útflutningsgjald af hörðum fiski, sem pantaður hafi verið hjá sjer úr Húnavatnssýslu og sem hann ætli að senda þangað með strandferðaskipinu á yfirstandandi ári, með því að hann viti ekki nema sá, sem við fiskinum á að taka, kunni að ætla hann til útflutnings, og hafið þjer beiðzt leiðbeiningar um, hvernig svara eigi þessari fyrirspurn. 110 1. sept.

Út af þessu vil jeg gefa yður til vitundar, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að þar sem 3. grein í lögum 4. nóvember 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., mælir svo fyrir, að gjaldið skuli borgað, áður en skip það, sem í hlut á, er afgreitt frá þeirri höfn, sem það leggur á stað frá, hvort heldur til annara veiðistaða hjer, eða fer burt frá landi, þá verður að skilja þessa ákvörðun, eins og líka er skýrt tekið fram í ráðherrabr. 17. júlí 1882, þannig, að útflutningsgjaldið skuli því að eins greiða, að fiskur sá o. fl., sem látinn er á skipið, sje þá ætlaður til útflutnings, en að ekki verði heimtað gjald af fiski, sem sendur er hafna á milli innanlands og ekki er ætlaður til útflutnings, þá er hann er látinn í skipið, þó svo kunni að fara, að sá, sem fiskurinn er sendur, síðar flytji hann út, enda er það lögreglustjórans þar á staðnum, sem viðtakandi er, að hafa eptirlit með því. Jeg verð þannig að álíta, að ef sá, sem sendir á stað með skipi tollskyldan fiskiafla til annarar hafnar hjer á landi, gefur vottorð upp á æru og samvizku um, að fiskiaflinn sje ekki af honum ætlaður til útflutnings, og hleðsluskjölin bera ekki annað með sjer, en að fiskiaflinn eigi að flytjast í land á þeirri höfn, sem hann er sendur á, þá sje ekki næg heimild til að krefjast útflutningsgjalds af slíkum fiskiafla.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um lánsviðbót til að fullgjöra alþýðuskólahús.** — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu og samþykki amtsráðsins í norður- og austuramtinu, vil jeg hjer með veita tjeðri sýslunefnd í viðbót við áður veitt 1500 kr. lán, 300 kr. lán úr viðlagasjóði til að fullgjöra alþýðuskólahús í Hljeskógum í Grýtubakkahreppi og til áhaldakaupa handa skólanum, þannig að lán þetta endurborgist og ávaxtist ásamt hinu áður veitta 1500 kr. láni, á 28 árum með 6% árlega. 111 2. sept.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um skyldu til að leysa borgarabrjef til verzlunar.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 10. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, skotið þeirri spurningu til minnar úrlausnar, hvort hinum núverandi eiganda að verzlunum þeim á Húsavík, Vopnafirði og Berufirði, sem kenndar eru við Örum & Wulff, beri eigi samkvæmt 2. gr. laga 7. nóvember 1879 um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, að leysa borgarabrjef til verzlunar á 112 18. sept